FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Inngangur að kynjafræði
Námsgrein:	Kynjafræði
Viðfangsefni:	inngangur
Skammstöfun:	KYFR2IN05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er unnið með grunnhugtök kynjafræðinnar. Skoðuð eru helstu hugtök fræðigreinarinnar og birtingarmyndir þeirra í nútímasamfélagi. Lögð er áhersla á að tengja efni áfangans við daglegt líf nemenda.
Forkröfur:	INGA1HF05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • hugtökum og kenningum í kynjafræði • orðræðu í samfélagi er varðar kyn og kyngervi • stöðu kvenna og karla í íslensku samfélagi fyrr og nú • mismunandi birtingarmyndum kynjanna í fjölmiðlum • kynbundnum viðhorfum samfélags til einstaklinga og áhrifum þeirra • áhrifum uppeldis á kyn- og sjálfsmynd • stöðu minnihlutahópa í samfélaginu • stjórnmálum, vinnumarkaði og lagasetningu í tengslum við jafnrétti • kynbundnu ofbeldi
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • skoða veröldina út frá sjónarhóli kyns og kyngervis • nota hugtök kynjafræðinnar til að greina stöðu kvenna og karla í samfélaginu • tjá sig í ræðu og riti á skipulagðan og gagnrýninn hátt um málefni tengd kynjafræði • lesa fræðitexta í kynjafræðum • tengja kynjafræði við persónulega reynslu • rökræða með virkri hlustun og eigin tjáningu
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • beita skipulögðum vinnubrögðum á gagnrýninn hátt við lausn verkefna • átta sig á þeim áhrifum sem kyn og kyngervi hefur á möguleika einstaklingsins í lífinu • átta sig á hvernig félagsleg staða fólks getur skapað mismunun og forréttindi tiltekinna hópa • vera gagnrýninn og ábyrgur þátttakandi í fjölmenningarsamfélagi

	• átta sig á hvernig hann hefur áhrif á umhverfið í kringum sig
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.